

Fundargerð 293. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: þriðjudagur 6. febrúar 2024
Fundartími: 16:00-18:30
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Sigrún Hrefna Arnardóttir mætti sem varamaður fyrir Walter Fannar Kristjánsson. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Kynning á starfsemi Markaðsstofu Suðurlands

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands mætti til fundar og kynnti starfsemi fyrir sveitarstjórn en samstarfssamningur er í gildi á milli sveitarfélagsins og Markaðsstofu Suðurlands.

Ragnhildi er þakkað fyrir góða kynningu og gott samstarf.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 272, dags. 10.01.2024

a) Hjálmholt L166235; uppbygging frístundabyggðar; Fyrirspurn – 2312003

Lögð er fram fyrirspurn er varðar uppbyggingu innan frístundasvæðis F22 sem er innan skilgreinds vatnsverndarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi Flóahrepps.

Innan greinargerðar aðalskipulags kemur eftirfarandi fram er varðar svæði F22:

"Við gerð deiliskipulags og hönnun fráveitu þarf að taka tillit til þess að svæðið er innan vatnsverndarsvæðis í flokki 3. ÍSOR hefur gert úttekt á vatnsverndarsvæði í Merkurhraumi. Þar kemur fram að huga þarf vel að fráveitu og umhverfismálum á svæðinu. Ef þurfa þykir skal í deiliskipulagi setja ákvæði um umgengni um svæðið, í samráði við Heilbrigðisefstirlit."

Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar, verndarákvæði er varðar fjarsvæði vatnsverndar eru skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: "Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu variúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja"

Að mati skipulagsnefndar felst í skilgreindri landnotkum svæðisins að á svæðinu sé áætlað að heimilt sé að byggja upp frístundabyggð með fyrirvara um fyrrgreindar takmarkanir er varðar geymslu mengandi efna og hreinsum fráveitu. Tiltaka skal sérstaklega um hvernig skal staðið að þeim takmörkum innan deiliskipulags fyrir svæðið. Innan fyrirspurnar er vikið að "annars konar svipaðri starfsemi", skipulagsnefnd leggur áherslu á að svæðið er skilgreint sem frístundasvæði, standi til að stunda aðra starfsemi á svæðinu s.s. verslun og þjónustu er æskilegt að óskað sé eftir því að viðeigandi landnotkum verði skilgreind í takt við hugsanlega notkun.

Skipulagsnefnd vízar málínu til frekari umræðu í sveitarstjórn Flóahrepps.

Fyrir liggur fyrirspurn er varðar uppbyggingu innan frístundasvæðis F22 sem er innan skilgreinds vatnsverndarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að innan Innan greinargerðar aðalskipulags kemur eftirfarandi fram er varðar svæði F22:

"Við gerð deiliskipulags og hönnun fráveitu þarf að taka tillit til þess að svæðið er innan vatnsverndarsvæðis í flokki 3. ÍSOR hefur gert úttekt á vatnsverndarsvæði í Merkurhraumi. Þar kemur fram að huga þarf vel að fráveitu og umhverfismálum á svæðinu. Ef þurfa

þykir skal í deiliskipulagi setja ákvæði um umgengni um svæðið, í samráði við Heilbrigðiseftirlit.

Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar, verndarákvæði er varðar fjarsvæði vatnsverndar eru skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengum vatns nr. 796/1999: "Par sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grammsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slið efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og amarra mannvirkja".

Að mati sveitarstjórnar felst í skilgreindri landnotkun svæðisins að á svæðinu sé áætlað að heimilt sé að byggja upp frístundabyggð með fyrirvara um fyrrgreindar takmarkanir er varðar geymslu mengandi efna og hreinsun fráveitu. Tiltaka skal sérstaklega um hvernig skal staðið að þeim takmörkunum innan deiliskipulags fyrir svæðið. Innan fyrirspurnar er vikið að "annars konar svipaðri starfsemi". Sveitarstjórn leggur áherslu á að svæðið er í dag skilgreint sem frístundasvæði. Forsenda fyrir annarri starfsemi á svæðinu kallar á aðalskipulagsbreytingu. Sveitarstjórn óskar eftir því að hlutaðeigandi aðilar fundi með fulltrúum úr sveitarstjórn og skipulagsfulltrúa. Sveitarstjórn bendir jafnframt á að vinna við endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps er hafin og viðkomandi getur því einnig nýtt sér þann vettvang vegna breytinga á aðalskipulagi svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum

b) **Flóahreppur og Árborg; Selfosslína 1; Breytt lega loftlinu SE1;**

Aðalskipulagsbreyting – 2311074

Lögð er fram skipulags- og matslysing er varðar breytingu á aðalskipulagsáætlunum Árborgar og Flóahrepps. Í breytingunni felst breytt lega Selfosslínu 1.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka skipulagslysingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir liggur skipulags- og matslysing er varðar breytingu á aðalskipulagsáætlunum Árborgar og Flóahrepps. Í breytingunni felst breytt lega Selfosslínu 1.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir skipulagslysingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Stóru-Reykj L162665; Skilgreining og afmörkun lóðar og byggingarreita;**

Deiliskipulag – 2312058

Lögð er fram umsókn um nýtt deiliskipulag sem tekur til lögbýlisins Stóru-Reykja L166275 í Flóahreppi. Í skipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda á bæjarhláðinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.


Fyrir liggur umsókn um nýtt deiliskipulag sem tekur til lögbýlisins Stóru-Reykja L166275 í Flóahreppi. Í skipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda á bæjarhláðinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum

d) **Mjósyndi L166367: byggingarheimild; sumarbústaður – 2305079**

Erindi sett að nýju fyrir fund eftir grenndarkynningu. Fyrir liggur umsókn Friðriks Ólafssonar um byggingarheimild fyrir hönd Önnu L. Gunnarsdóttur og Grétar G. Halldórssonar, móttokin 22.05.2023, fyrir 121,5 m² sumarbústað á jörðinni Mjósyndi L166367 í Flóahreppi. Athugasemdir bárust á grenndarkynningartíma og er því málið lagt fram að nýju fyrir skipulagsnefnd.


S/MA

Skipulagsnefnd UTU tekur undir þær athugasemdir sem bárust vegna málsins er varðar flutning umsótrar byggingar á svæðið án leyfa. Hins vegar bendir nefndin á að lagaumhverfi byggingamála er þess eðlis að engin önnur viðbrögð koma til greina en að vísa fólki á að sækja um byggingarleyfi eða fara fram á að húsið verði fjarlægt, að öðrum kosti verði lagðar á dagsektir. Þeir sem aðgerðin beinist gegn skal hafa viðeigandi tíma til að bregðast við og gæta skal meðalhófs í aðgerðum opinberra aðila gagnvart almenningi. Engin ákvæði eru innan skipulags- og/eða byggingarlagar sem gefa heimildir til álagningar sekta vegna óleyfisframkvæmda. Í þessu tilfelli eru viðbrögð málsaðila þau að sótt er um byggingarleyfi fyrir húsinu þótt svo að það sé gert eftir að það kemur á svæðið og fær málid málsmeðferð í takt við þá umsókn. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og fékk málid því málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar grenndarkynningu. Þar sem efnislega eru ekki gerðar athugasemdir við staðsetningu hússins innan grenndarkynningar, nema er varðar áhyggjur nágranna af hugsanlegum flóðum að þá mælist skipulagsnefnd til þess við byggingarfulltrúa að byggingarleyfi verði samþykkt með þeim fyrirvara að hæð hússins verði tekin út m.t.t hugsanlegrar flóðahættu með aðliggjandi byggingar á svæðinu til hliðsjónar gagnvart hæð í landi.

Fyrir liggur að nýju erindi eftir grenndarkynningu. Um er að ræða umsókn Friðriks Ólafssonar um byggingarheimild fyrir hönd Önnu L. Gunnarsdóttur og Grétar G. Halldórssonar, móttokin 22.05.2023, fyrir 121,5 m² sumarbústað á jörðinni Mjósyndi L166367 í Flóahreppi. Athugasemdir bárust á grenndarkynningartíma og er því málid lagt fram að nýju til afgreiðslu í sveitarstjórn. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir þær athugasemdir sem bárust vegna málsins er varðar flutning umsótrar byggingar á svæðið án leyfa. Sveitarstjórn telur að lagaumhverfi þurfi að styðja betur við þá sem fara með valdheimildir vegna byggingarmála til að koma í veg fyrir að aðilar fari af stað í framkvæmdir án tilskilinna leyfa. Þar sem efnislega eru ekki gerðar athugasemdir við staðsetningu hússins innan grenndarkynningar, nema er varðar áhyggjur nágranna af hugsanlegum flóðum, þá samþykkir sveitarstjórn að byggingarfulltrúi samþykki útgáfu byggingarleyfis með þeim fyrirvara að hæð hússins verði tekin út m.t.t hugsanlegrar flóðahættu með aðliggjandi byggingar á svæðinu til hliðsjónar gagnvart hæð í landi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) **Laugardælur land L206145; Stækkun Svarfhólvallar; Framkvæmdaleyfi – 2104105**
Lögð eru fram uppfærð gögn vegna framkvæmdaleyfis sem er í gildi og tekur til framkvæmda við stækkun golfvallarins Svarfhólvallar. Athugasemdir bárust frá landeiganda aðliggjandi jarðar vegna efnisflutninga inn á svæðið. Brugðist hefur verið við athugasendum með samantekt á stöðu verkefnisins og áætlunum og efnisflutning inn á svæðið og lok framkvæmda.
Að mati skipulagsnefndar er hófleg keyrsla á efni í takt við framlagða áætlun framkvæmdaaðila sem tekur til efnis utan svæðisins úr uppgreftri húsgrunna eðlilegur hluti að framvindu verkefnisins. Ákveðnar hönnunarforsendur eru lagðar fram um mótm lands á svæðinu sem er til þess fallið að brautir og flatir geti losað vatn með eðlilegum hætti og að völlurinn falli að náttúrurlegum aðstæðum á svæðinu. Aðkeyrsla að efni kemur til vegna minna magns af jarðvegi innan svæðisins sem áætlað var. Að mati nefndarinnar er jákvætt að hægt sé að endurnýta jarðveg sem kemur frá uppgreftri utan svæðisins í stað þess að ham sé fluttur til förgunar um lengri veg með tilheyrandí sliti á vegum og mengun. Að mati nefndarinnar hefur þessi móttaka á efni til landmótunar ekki neikvæð áhrif á verkefnið og/eða aðliggjandi nágranna um fram það sem fyrir er. Ein af forsendum þess að hönnun vallarins standist þær kröfur sem til framkvæmdarinnar eru gerðar er að nægt efni fáist inn á svæðið. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að engar athugasemdir yerði gerðar við framvindu verkefnisins á grunni framlagðra gagna og lýsinga.

Fyrir liggja uppfærð gögn vegna framkvæmdaleyfis sem er í gildi og tekur til framkvæmda við stækkun golfvallarins Svarfhólvallar. Athugasemdir bárust frá

landeiganda aðliggjandi jarðar vegna efnisflutninga inn á svæðið. Brugðist hefur verið við athugasemdu með samantekt á stöðu verkefnisins og áætlunum og efnisflutning inn á svæðið og lok framkvæmda.

Að mati sveitarstjórnar er hófleg keyrsla á efni í takt við framlagða áætlun framkvæmdaaðila sem tekur til efnis utan svæðisins úr uppgreftri húsgrunna eðlilegur hluti að framvindu verkefnisins. Ákveðnar hönnunarforsendur eru lagðar fram um mótu lands á svæðinu sem er til þess fallið að brautir og flatir geti losað vatn með eðlilegum hætti og að völlurinn falli að náttúrurlegum aðstæðum á svæðinu. Aðkeyrsla að efni kemur til vegna minna magns af jarðvegi innan svæðisins sem áætlað var. Að mati sveitarstjórnar er jákvætt að hægt sé að endurnýta jarðveg sem kemur frá uppgreftri utan svæðisins í stað þess að hann sé fluttur til förgunar um lengri veg með tilheyrandi sliti á vegum og mengun. Að mati sveitarstjórnar hefur þessi móttaka á efni til landmótunar ekki neikvæð áhrif á verkefnið og/eða aðliggjandi nágranna um fram það sem fyrir er. Ein af forsendum þess að hönnun vallarins standist þær kröfur sem til framkvæmdarinnar eru gerðar er að nægt efni fáist inn á svæðið. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framvindu verkefnisins á grunni framlagðra gagna og lýsinga en vill benda á að æskilegt hefði verið að bregðast við auknum efnisflutningum áður en að þeim kom með viðeigandi uppfærslu á gögnum og breytingar kynntar hagsmunaaðilum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Villingaholt 2 L166403; byggingarleyfi; geymsla mhl 04 – breyting á notkun í íbúðarhús – 2312057

Móttekin er umsókn þ. 20.12.2023 um byggingarleyfi að breyta notkun á mhl 04 geymslu 120 m², byggingarár 1985 í íbúðarhús á jörðinni Villingaholt 2 L166403 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Fyrir liggur umsókn dagsett 20.12.2023 um byggingarleyfi fyrir breytti notkun á mhl 04 geymslu 120 m², byggingarár 1985 í íbúðarhús á jörðinni Villingaholt 2 L166403 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundargerð skipulagsnefndar nr. 273, dags. 31.01.2024

a) Þjórsárbraut 2; Stórholt; Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu;

Aðalskipulagsbreyting – 2401034


Lögð er fram skipulagslysing sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna lóðarinnar Þjórsárbrautar 2 í landi Stórholtar í Flóahreppi. Samkvæmt núverandi staðfestu Aðalskipulagi Flóahrepps er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Er það ósk landeigenda að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt þannig að hluti lóðarinnar Þjórsárbraut 2 (3,21 ha), verði ætlað undir verslun- og þjónustu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka skipulagslysingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir liggur skipulagslysing sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna lóðarinnar Þjórsárbrautar 2 í landi Stórholtar í Flóahreppi. Samkvæmt núverandi staðfestu Aðalskipulagi Flóahrepps er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Er það ósk landeigenda að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt þannig að hluti lóðarinnar Þjórsárbraut 2 (3,21 ha), verði ætlað undir verslun- og þjónustu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða skipulagslysingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.



Skj

b) Eystri-Loftsstaðir 10 L227157; Sameining lóða og byggingarskilmálar; Deiliskipulag – 2308006

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Loftsstaða 10 og 12 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, skemmu og hesthús. Jafnframt gerir skipulagið ráð fyrir að heimilt verði að sameina lóðirnar í eina lóð. Innan skipulagsins eru skilgreindir tveir byggingarreitir A og B. Á byggingarreit A er gert ráð fyrir byggingarmagni að 500 fm. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir byggingarmagni allt að 600 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Eystri-Loftsstaða 10 og 12 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, skemmu og hesthús. Jafnframt gerir skipulagið ráð fyrir að heimilt verði að sameina lóðirnar í eina lóð. Innan skipulagsins eru skilgreindir tveir byggingarreitir A og B. Á byggingarreit A er gert ráð fyrir byggingarmagni að 500 fm. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir byggingarmagni allt að 600 fm.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 197, dags. 17.01.2024

Lagt fram til kynningar.

4. Fyrirspurn um nýtt staðfang, Tungusel úr landi Seljatungu L165496

Fyrir liggur umsókn um stofnun lóðar úr landi Seljatungu L165496. Óskað er eftir að lóðin fái staðfangið Tungusel. Staðfangið er ekki þegar að finna innan Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun lóðarinnar og að hún fái staðfangið Tungusel.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Umsagnarbeiðni – Rekstrarleyfi gististaðar í fl. II (H) frístundahús

Fyrir liggur að nýju umsagnarbeiðni frá fulltrúa sýslumanns vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II (H), frístundahús rýmisnúmer 01-0101, 02-0101 og 03-0101, frá Atla Kristinssyni fyrir hönd Atli Verk ehf. kt. 650414-1360 á landeigninni Skógsnes 2, (F250 9486). Afgreiðslu erindis var frestað af sveitarstjórn 3. október 2023 þar sem veiting leyfis var ekki í samræi við gildandi skipulag svæðisins. Sveitarfélagið hefur samþykkt og auglýst óverulega breytingu á aðalskipulagi þar sem svæðið verður skilgreint sem verslunar og þjónustusvæði.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II (H) Frístundahús.

Samþykkt með 5 atkvæðum

6. Umsagnarbeiðni vegna tækifærисleyfis í Félagsheimilinu Þingborg

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn sveitarfélags vegna umsóknar frá Sigurvalda Rafni Hafsteinssyni, kt. 130155-3759, um tækifærисleyfi vegna uppskeruhátiðar og viðurkenningar afreksfólks 2023 í Þingborg 16.-17. mars 2024.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umsókn vegna tækifærисleyfis í


Félagsheimilinu Þingborg frá kl. 19:00 þann 16.03.2024 til kl. 00:30 þann 17.03.2023.

Áætlaður gestafjöldi samkomu er vel innan hámarksgestafjölda í Þingborg sem er 340 manns.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Landstólpinn 2024 – Ósk um þátttöku Flóahrepps í tilnefningu

Fyrir liggur erindi frá framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands og starfandi byggðafulltrúa neðri hluta Árnессýslu varðandi auglýsingu frá Byggðastofnun þar sem óskað



er eftir tilnefningum til samfélagsviðurkennigarinnar Landstólpinn 2024. Í erindinu er óskað eftir því að Flóahreppur taki þátt í að tilnefna FabLab smiðjuna á Selfossi.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir innsett erindi og samþykkir að taka undir framlagða tilnefningu. Sveitarstjórn telur FabLab verkefnið vera mikilvægt fyrir svæðið og ljóst að nemendur úr grunnskóla sem og eldri nemendur úr Flóahreppi hafa nýtt sér smiðjuna og er það mikilvægur þáttur í að auka og efla áhuga þeirra á námi í verk- og tæknigreinum ásamt hönnun og listgreinum

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Íbúafundur

Sveitarstjórn samþykkir að boðað verði til íbúafundar í mars til að kynna ýmis málefni er varðar sveitarfélagið. Meðal málefna verður kynning á fyrirkomulagi og ábyrgð á söfnun rúlluplasts og dýrahraða ásamt kynningu á þegar birti gjaldskrá vegna dýrahraða. Einnig verða framtíðaráfrom um uppbyggingu við Flóaskóla kynnt ásamt komandi vinnu við endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að birta könnun á heimasiðu sveitarfélagsins um önnur málefni sem kunna að brenna á íbúum. Sveitarstjóra jafnframt falið að boða til íbúafundarins í mars með opinberri auglýsingu sem birt skal ekki síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Gert verður ráð fyrir að íbúafundurinn verði í beinu streymi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 292, dags. 09.01.2024
- b) Fræðslunefndar nr. 147, dags. 16.01.2024
- c) Framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla nr. 1, dags. 24.01.2024
- d) Stjórnar SASS nr. 605, dags, 12.01.2024
- e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 941, dags. 12.01.2024
- f) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 68, dags. 10.01.2024
- g) Stjórnar Brunavarma Árnessýslu nr. 16, dags. 18.01.2024
- h) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 64, dags. 09.10.2023, nr. 65, dags. 09.11.2023, nr. 66, dags. 20.11.2023, nr. 67, dags. 04.12.2023, nr. 68, dags. 18.12.2023 og nr. 69, dags. 27.01.2023 Varðandi liðinn „Reglur um stöðþjónustu“ í fundargerð nr. 64 þá gerir sveitarstjórn Flóahrepps ekki athugasemdir við framlagðar reglur og samþykkir þær. Sveitarstjórn bendir stjórn Bergrisans á að fundargerðir séu sendar á aðildarsveitarfélög um leið og þær liggja fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- i) Fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings nr. 2, dags. 09.01.2023
Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagt erindisbréf fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustunnar og samþykkir erindisbréfið fyrir sitt leytí.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Efni til kynningar

- a) Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum
Sveitarstjórn samþykkir að fresta erindi og taka það fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- b) Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 18. janúar 2024
Sveitarstjóri hefur þegar tekið saman upplýsingar sem óskað er eftir og sent á ráðuneytið. Bréfið að öðru leyti lagt fram til kynningar.
- c) Úrskurður Persónuverndar um notkun Google Workspace í skólastarfí
Skólastjóri Flóaskóla er að vinna í málínu í samráði við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Bréfið að öðru leyti lagt fram til kynningar og vísað til fræðslunefndar til frekari eftirsýldni.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- d) Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 15. janúar 2024

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að horfa skuli til fagþekkingar og reynslu starfsmanna á hverjum stað í stað þess að leggja um of áherslu á stærð umdæma barnaverndarþjónustu. Bréfið að öðru leyti lagt fram til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Ábyrgð á ráðstöfun aukaafurða dýra (dýraleyfa)
- f) Frá Umhverfisstofnun – Loftslagsdagurinn 28. maí 2024
Sveitarstjórn óskar eftir að fulltrúi frá umhverfis- og samgöngunefnd taki þátt í Loftslagsdeginum 2024. Viðburðurinn er opinn öllum áhugasömum um málefnið.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- g) Umsögn Flóahrepps um mál nr. 1/2024 „Frumvarp til laga um vindorku“
- h) Umsagnir Samtaka orkusveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku
- i) Frá Matvaelaráðuneytinu: Boð um þáttöku í samráði - Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu
Sveitarstjórn óskar eftir umsögnum landbúnaðar- og atvinnumálanefndar og umhverfis- og samgöngunefndar um málið og felur sveitarstjóra að kalla eftir þeirra viðbrögðum vegna málsins.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- j) Bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur
- k) Ársreikningur Arnardrangs hses 2022
- l) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Boðun XXXIX. landsþings sambandsins Aðalmaður á landsþingi sambandins er Árni Eirksson og varamaður er Walter Fannar Kristjánsson. Að auki hefur sveitarstjóri seturétt á landsþinginu.
- m) Boð á hátfíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands
- n) Bréf til héraðsskjalsafna og sveitarfélaga frá 1. febrúar 2024
- o) Frá Vegagerðinni: Svar við erindi frá foreldrafélagi Flóaskóla um slæmt ástand malarvega í hreppnum vegna skólaaksturs
- p) Frá Lánaþjóði sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánaþjóðs sveitarfélaga
- q) Frá Landsvirkjun: Ársfundur Landsvirkjunar 2024
- r) Bókun stjórnar SASS vegna heimavistar við Fjölbautaskóla Suðurlands
Sveitarstjórn Flóahrepps tekur að öllu leyti undir bókun Stjórnar SASS frá 02.02.2024 og skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna heimavistar við Fjölbautaskóla Suðurlands verði eytt hið allra fyrsta. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum þá rennur samningur um núverandi húsnæði heimavistarinnar út á vordögum 2024 og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja nemendum sem þess þurfa húsnæðisúrræði fyrir næsta skólaár. Sveitarstjórn telur að heimavist við skólann sé lykilatriði í því að tyggja jafnrétti til náms á starfssvæði skólans og því með öllu óviðunandi að ríkið skuli bjóða ungmennum og fjölskyldum þeirra upp á þá óvissu sem nú er uppi.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- s) Frá nefndasviði Alþingis: Til umsagnar 629. mál barnaverndarlög (endurgreiðslur)
- t) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar 521. mál Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu)
- u) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 5. mars kl. 16:00 í Þingborg.

11. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)
Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Hulda Kristjánsdóttir

Fundargerð 9. fundur

Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Föstudagur 2. febrúar 2024

Fundartími: kl: 17:00

Fundarritari: Agnes Björg Birgisdóttir

Fundarmenn:

Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Hafdís Gígja Björnsdóttir (varamaður fyrir Sigurð Inga Sigurðsson), Harpa Magnúsdóttir, Agnes Björg Birgisdóttir.

- Uppjör vegna Aðventuháttíðar sem haldin var í Þingborg 7. desember 2023

Farið yfir hvað fór vel og hvað má bæta fyrir næsta ár. Fyrirhuguð dagsetning var sett á 5. desember 2024 fyrir næsta ár. Auglýst verður eftir fleirri atriðum til að taka þátt á næsta ári.

- Bókabærinn austanfjalls kynning

Áhugavert verkefni, haft verður samband til að koma á samstarfi.

- Viðburðardagatal menningarviðburða 2024

Fjör í Flóa 31. maí – 1. júní

Kornskurðarball: 4 október 2024

- Hugmyndavinna vegna Fjör í Flóa

Leggja meira fútt í göngutúrana, hugsanleg skemmtiatriði og grill um kvöldið eftir göngutúrinn. Dagskrá og auglýsingar verða eftir svipuðu sniði og í fyrra.

Fundi slitið: 20:00

Fundargerð 148. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg *20. febrúar*
Fundardagur: Þriðjudagur 16. janúar 2024
Fundartími: Flóaskóli 16:30 – 17:30
Krakkaborg 17:30 – 18:30

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður
Sveinn Orri Einarsson, varamaður
Axel Páll Einarsson ,ritari
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar
Þórdís Þormóðsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar
Kistrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 21.2.2024 16:37:57
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Axel Páll Einarsson
Kt. 0708872159
Dags. 21.2.2024 10:18:38
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sveinn Orri Einarsson
Kt. 1502963239
Dags. 21.2.2024 18:20:17
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sara Guðjónsdóttir
Kt. 1109862899
Dags. 21.2.2024 10:23:56
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Bjarni Stefánsson
Kt. 0312638249
Dags. 21.2.2024 19:08:41
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir
Kt. 1010823859
Dags. 21.2.2024 11:22:14
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Þórunn Jónasdóttir
Kt. 2507643249
Dags. 28.2.2024 09:59:12
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Íris Grétarsdóttir
Kt. 2101783339
Dags. 21.2.2024 16:32:14
Ástæða: Undirritun

Krakkaborg

1. Fréttir af skólastarfinu.

Allt í góðum málum í leikskólanum fyrir utan smávægis magakveisu hjá börnum.

Leikskólastjóri er í starfþróunnarsamtölum þessa daganna og gengur vel. Skerðingar vegna veikinda starfsmann hafa verið litlar sem engar eða einungis fimm skipti frá því í janúar 2023.

Tókum aftur smávægilega umræðu um Ytra-mat fyrir leikskólann og umsóknar ferli fyrir það. Skólanámskrá er í ferli út frá Aðalnámskrá.

2. Önnur mál.

Ræddum aðeins hvernig eða hvort leikskólinn kemur eitthvað við sögu í PISAkönnunum.

Sameiginlegt

1. Skóladagatal Krakkaborgar og Flóaskóla.

Drög að skóladagatali hafa verið lögð fram fyrir báða skóla. Skólastjórar reyna eftir fremsta megni að samræma skóladagatöl. Starfsmannafundir leikskóla lenda flestir á skertum dögum Flóaskóla, þessir fundir verða aðeins fleiri, dreyfðari og styttir. Dagatal Flóaskóla er hefðbundið miðað við síðustu ár en skólastjóri er aðeins að prófa hafa skertan skóladag í framhaldi af hefðbundnum skóladegi. Frekari útfærslur á dagatali voru ræddar en verða kynntar síðar þegar hafa verið ræddar við alla hluthafndi.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál.

<input checked="" type="checkbox"/> RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sveinn Orrl Einarsson
Kt. 1502963239
Dags. 21.2.2024 18:21:15
Ástæða: Undirritun
<input checked="" type="checkbox"/> RAFRÆNT UNDIRRITAD
Axel Páll Einarsson
Kt. 0708872159
Dags. 21.2.2024 10:23:23
Ástæða: Undirritun

<input checked="" type="checkbox"/> RAFRÆNT UNDIRRITAD
Bjarni Stefánsson
Kt. 0312638249
Dags. 21.2.2024 19:10:07
Ástæða: Undirritun
<input checked="" type="checkbox"/> RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sara Guðjónsdóttir
Kt. 1109862899
Dags. 21.2.2024 10:24:39
Ástæða: Undirritun

<input checked="" type="checkbox"/> RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 26.2.2024 21:43:40
Ástæða: Undirritun
<input checked="" type="checkbox"/> RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hórdís Guðrún Þormóðsdóttir
Kt. 1010823859
Dags. 21.2.2024 11:21:48
Ástæða: Undirritun

<input checked="" type="checkbox"/> RAFRÆNT UNDIRRITAD
Pórunn Jónasdóttir
Kt. 2507643249
Dags. 28.2.2024 09:58:08
Ástæða: Undirritun
<input checked="" type="checkbox"/> RAFRÆNT UNDIRRITAD
Írls Grétarsdóttir
Kt. 2101783339
Dags. 21.2.2024 16:29:36
Ástæða: Undirritun

Flóaskóli

1. Fréttir af skólastarfínu.

Flóaskóli hefur verið í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem 25 nemendur í langspilsverkefni spilaðu með á tónleikum í Hörpu. Ætlunin er að haldnir verði fleiri tónleikar með Sinfóníuhljómsveitinni á vormánuðum.

Takmarkanir á símanotkun verða virkjaðar á morgun, þar hafa nemendur og foreldrar skrifað undir yfirlýsingu á að símanotendur þekki reglurnar og samþyki að fara eftir þeim.

2. Skjalavistunaráætlun Flóaskóla.

Skjalavistunaráætlun Flóaskóla er komin í notkun og verða öll gögn vistuð hér eftir og komið fyrir á Héraðsskjalasafni.

3. Erindi Persónuverndar varðandi notkun Google forrita í skólastarfí.

Þegar opinberar stofnanir eins og Flóaskóli taka upp ný kennslu forrit verður að gera mat á því hvaða áhrif forritið hefur á persónuvernd. Ekki er alveg vitað hvort það hafi farið fram. Persónuvernd er með leiðbeiningar um innleiðingu upplýsingataeknikerfa til að vinna með persónu upplýsingar barna og fáum við frá þeim spurningalista sem við skoðum.

Málið er í skoðun og verður rýnt af settum hópi fólks úr skólanum.

4. Önnur mál

PISA og Quint, fundurinn skoðaði niðurstöður PISA könnunar og Quint sem er rannsókn á kennslu aðferðum sem gæti varpað ljósi á niðurstöður PISA. Flóaskóli hefur sett saman kennarapör sem munu rýna kennslu aðferðir hjá hvor öðrum til bæta árangur í kennslustofum.

Val nemenda á elsta stigi bar á góma og umræðan snerist um að reyna auka fjölbreytnina í valinu með aðeins öðruvísí vali eins og t.d. fluguhnýtingum eða tölvunámskeiði. Hugsunin er að skoða samstarf með öðrum nágranna skólum og myndu krakkarnir taka meiri þátt í vali og kynna krökkum úr öðrum skólum. Með þessu næðist einnig hagræðing í skólastarfí tímalega séð og kæmi sér vel fyrir alla, en verður samt alltaf rætt við foreldra og kennara áður.

Fundargerð nr. 2

Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Miðvikudagur 14. febrúar 2024
Fundartími: 8:30-9:45
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna
Hjalti Guðmundsson, fulltrúi T lista
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri
Bjarni Stefánsson, fulltrúi fræðslunefndar

Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd boðaði forföll

Árni Eiríksson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Efla hefur hafið vinnu við brunahönnun vegna innanhússbreyinga í Flóaskóla. Byggingarfulltrúi getur ekki metið þörf á byggingarstjóra vegna þessara breytinga fyrr en hann hefur séð brunahönnun og umfangið betur. Sveitarstjóri verður í sambandi aftur við byggingarfulltrúa um leið og við höfum meira í höndunum frá Eflu. Börkur Brynjarsson ráðgjafi getur tekið að sér verkefni byggingarstjóra ef þörf er á slíkum.
2. Umsjónarmaður fasteigna og húsvörður í Flóaskóla eru búinir að fara yfir grófar teikningar/hugmyndir að breytingum og kanna hvort eitthvað þurfi að breyta upphaflegu hugmyndunum varðandi innanhússbreyingar áður en farið er í loka teikningar og hönnun. Skólastjóri og fulltrúi úr sveitarstjórn í nefndinni hafa einnig komið að þessari yfirferð. Nokkrir þættir sem lagt er til að skoða betur áður en magnskrá verður gerð og lokateikningar og hönnun:
 - Bent á hvort endurhugsa ætti staðsetningu á brennsluofni þannig að smíðastofan fái betri aðstöðu og aukið pláss í vélasal . Leirofninn gæti fengið pláss í endanum á neðri hæðinni, beint fyrir utan myndmenntarstofu, sem myndi henta betur þar sem notkun á leirofni tengist myndmenntarkennslu. Skoða þarf útblásturinn út úr myndmenntarstofunni þannig að það verði ekki vandamál þegar kemur að næsta áfanga (viðbygging). Nefndin tekur undir þessar hugmyndir.
 - Færa starfsmannainngang í endann á neðri hæð. Þar væri ljósritunar og prentaðstöðu komið upp og starfsmannaskápar færðir þangað. Huga þarf að skjóli og teikna upp bíslag undir brunastiganum við endann þar sem hurðin er áveðurs. Veggar væri settur upp til að loka að starfsmannainngangi og prentaðstöðu. Þar þarf að huga að flóttaleið og hafa hurð á segli sem opnast ef brunakerfi fer í gang. Skoða aðgangskerfi á starfsmannainnganginn þannig að notast sé við aðgangskort við þann inngang. Nefndin tekur undir þessar hugmyndir.
 - Í heimilisfræðistofu væri haldið í þrjár eyjur og bætt við einni og hugsa uppsetninguna þannig að ofnar og vaskar séu sitt á hvað. Í dag eru 5 vinnustöðvar en þörf á 7. Lítið mál með lagnir en skoða þarf á niðurföll vegna fjölda vaska í stofu. Mikilvægt að skoða innra skipulag í stofu út frá kennslufræðilegri nágun og góðri nýtingu á stofunni.
 - Hurðir út úr heimilisfræðistofu og smíðastofu (ekki út úr vélasal) og að þar verði pallar.

Nefndin sammála um að ekki sé þörf á hurð út úr vélasal en að hinar haldi sér í uppfærðum teikningum.

- Hugmyndir að halda textílmennt þar sem hún er og færa ekki vegginn. Settur verði léttur veggur til að útbúa vinnuherbergi starfsfólks og við hljóðina væri kaffistofa starfsmanna (í núverandi bókasafni). Vinnuherbergi og kaffistofa starfsmanna færur svo inn í viðbyggingu í næsta áfanga og þessi rými færur þá aftur yfir í kennslurými. Hér er því um tímabundna breytingu að ræða og þessi rými færur aftur yfir í að vera kennslurými þegar viðbygging er komin.
Nefndin tekur undir þessar hugmyndir.
 - Varðandi hugmyndir um hurðir út vestan megin þá þarf að skoða það vel þar sem um tímabundnar breytingar er að ræða á þeim hluta þ.e starfsmannaaðstaða færst í viðbyggingu þegar hún er klár og þá er hugmynd um að stækka myndmenntarstofuna. Mikill kostnaður við hverja hurð og enn meiri ef setja þarf hurðir þar sem þegar eru gluggar. Rætt um að líklega verði hver hurð skilgreind sem björgunarop/heyðarútgangur og þá líklega gerð krafa um að þau op séu kláruð áður en lokaúttekt getur farið fram.
Nefndin sammála um að bíða með að gera ráð fyrir hurðum út vestan megin í skólabyggingunni. Hægt að endurskoða síðar.
 - Breytingar á austurhlið á neðri hæð eru hugsaðar sem varanlegar og þar verði settar tvær hurðir út. Vestan megin er verið að fara í tímabundnar breytingar þar til búið er að byggja við húsið og því er það mat byggingarnefndar að beðið sé með að opna út vestan megin þar til viðbygging er komin og við getum gert varanlegar breytingar þar. Möguleiki að endurskoða hurðir út á vesturhlið skólans þegar viðbygging hefur verið tekin í gagnið.
 - Rætt um að hafa hellur eða steypt í pöllum en skjólveggir úr timbri og tekur nefndin undir það.
3. Nefndin er sammála um að Anne Bruun Hanesn hjá Eflu til að gera breytingar á teikningum út frá umræðum á fundinum. Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt aðkomu Eflu að þessum innanhússbreytingum. Leggja þarf áherslu á að fá grófar teikningar mjög fljóttlega til að geta farið að gera magnskrá vegna verðkannana. Í kjölfarið fari Börkur Brynjarsdóttir og Brynjar Jón í þá vinnu að gera magnskrá. Anne fari svo einnig í að teikna upp endanlegt útlit og aðra hönnun vegna breytinganna.
Nefndin sammála um að umsjónarmaður fasteigna og skólastjóri fái Anne og Börk á fund í Flóaskóla sem fyrst og fari yfir breytingarnar.
Sveitarstjóra falið að tala við Anne hjá Eflu vegna breytinga á teikningum og tengja saman þá aðila sem þurfa að hittast vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í fundarlið nr. 3.
4. Börkur setur saman magnskrá og heldur utan um verðkönnum fyrir verkefnið í samráði við sveitarstjóra og umsjónarmann fasteigna. Nefndin mælist til þess að Börkur sjá um úttektir ofl. og haldi utan um verkið í samráði við umsjónarmann fasteigna og sveitarstjóra.
5. Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla leggur áherslu á að innanhússbreytingar verði fullkláraðar á árinu 2024 og hugsaðar til framtíðar þar sem við á og áhersla verði lögð á að koma þessum innanhússbreytingum vel af stað áður en farið verði í að hanna og skoða næsta áfanga (viðbyggingu).
6. **Næsti fundur nefndar:**
Nefndin mun funda næst miðvikudaginn 6. mars kl. 8:30.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:45

	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Brynjar Jón Stefánsson Kt. 0907603869 Dags. 21.2.2024 08:26:58 Ástæða: Undirritun	Pórunn Jónasdóttir Kt. 2507643249 Dags. 21.2.2024 11:35:30 Ástæða: Undirritun
	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hulda Kristjánsdóttir Kt. 3001843249 Dags. 19.2.2024 10:38:21 Ástæða: Undirritun	Bjarni Stefánsson Kt. 0312638249 Dags. 19.2.2024 12:51:23 Ástæða: Undirritun

	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Bjarni Stefánsson Kt. 0312638249 Dags. 19.2.2024 12:51:23 Ástæða: Undirritun	Árni Elriksson Kt. 0809664589 Dags. 19.2.2024 14:08:51 Ástæða: Undirritun
	RAFRÆNT UNDIRRITAD

	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hjalti Guðmundsson Kt. 2609694479 Dags. 20.2.2024 12:20:58 Ástæða: Undirritun	



Fundargerð nr. 19

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Miðvikudagur 28. febrúar 2024
Fundartími:	8:30-10:00
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna, undir lið 3 Magnús Tómasson, Lagnaþjónustunni, undir lið 3 Að auki sat Árni Eiríksson, oddviti, fundinn

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Framkvæmdir við stofnlögn að Skeiðavegi

Það náðist að koma lögninni niður áður en fór að snjóa og framkvæmdir gengu vel. Kostnaður vegna framkvæmda er vel innan við áætlun en reikna þarf með einhverjum kostnaði vegna frágangsvinnu þegar frost fer úr jörðu. Verkfundargerð nr. 4 var send með fundargögnum fyrir fund.

2. Rafmagnsleysi og áhrif á vatnsveitu

Umræða um ábyrgð og skyldur sveitarfélagsins varðandi afhendingu vatns í langtíma rafmagnsleysi og/eða almannavarnarástandi og hver eðlilegur viðbragðstími vatnsveitunnar vegna rafmagnsleysis ætti að vera. Ljóst er að sumir notendur verða fljótt fyrir vatnsleysi vegna þrýstingsleysi þar sem bæjarstæði stendur hátt.

Nefndin leggur til að skoðaður verði kostnaður við útbúa dæluskúra þannig að hægt sé að tengja færانlegt var afl við þær í langtíma rafmagnsleysi. Einnig mætti skoða sjálfvirkta varafl við dæluna í Þingborg þar sem mikilvægt er að hún haldist inni.

Nefndin bendir á að þeir notendur sem verða fyrir vatnsleysi um leið og dælurnar detta út vegna rafmagnsleysis gætu kannað möguleikann á litlum dælum/pumpum til að viðhalda einhverjum þrýstingi og annar möguleiki er að koma upp tanki heima við bæi með sírennsli.

Viðbrögð við vandamálum hjá ákveðnum notendum eru hluti af kortlagningu og greiningu á vatnsveitunni sem unnið verður í árinu.

Börkur mun skoða þessi mál nánar og upplýsa nefndina.



3. Kynding í Félagslundi

Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna og Magnús Tómasson frá Lagnabjónustunni komu inn á fundinn.

Í framkvæmdaáætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir 3,5 milljónum vegna lagfæringerar á hitakerfi í Félagslundi enda ljóst að úrbóta er þörf. Varmadælur sem eru í húsinu í dag eru ekki nóg öflugar til að halda góðum og jöfnum hita í húsinu. Í dag er loft í loft dæla í salnum og loft í vatn dæla sem fer inn á ofnakerfið. Búið að meta svo að það þurfi 60 kw til að hita húsið en varmadælurnar sem eru í dag eru 37 kw. Ljóst er að það þarf að víra upp og laga rafmagnshitatúbuna sem er í húsinu en hún þarf að vera til staða til að koma inn þegar mjög kalt er í veðri. *Umsjónarmanni fasteigna falið að fylgja því eftir.*

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirlíti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 8. febrúar 2024.

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	Fjárhags- áætlun	2022
Rekstrartekjur				
Framlög aðildarsveitarfélaga.....	3	6.732.720	6.732.720	6.183.400
		<u>6.732.720</u>	<u>6.732.720</u>	<u>6.183.400</u>
Rekstrargjöld				
Framlag vegna verkefnastjóra	5	4.616.040	4.417.000	4.015.200
Annar rekstrarkostnaður.....	4	1.466.170	2.315.720	2.493.603
		<u>6.082.210</u>	<u>6.732.720</u>	<u>6.508.803</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		650.510	0	(325.403)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur.....		108.708	0	20.231
Fjármagnstekjkuskattur.....		(23.916)	0	(4.451)
		<u>84.792</u>	<u>0</u>	<u>15.780</u>
Rekstrarniðurstaða.....	2	<u>735.302</u>	<u>0</u>	<u>(309.623)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Aðrar skammtímakröfur.....	6	118.002	104.394
Handbært fé.....		5.421.390	4.699.696
Veltufjármunir samtals		<u>5.539.392</u>	<u>4.804.090</u>
Eignir samtals		<u>5.539.392</u>	<u>4.804.090</u>
Eigið fé			
Eiginfjárréikningur.....	2	<u>4.589.392</u>	<u>3.854.090</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		950.000	950.000
Skammtímaskuldir samtals		<u>950.000</u>	<u>950.000</u>
Skuldir samtals		<u>950.000</u>	<u>950.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>5.539.392</u>	<u>4.804.090</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Í eigu Almannavarna eru ýmsir lausafjármunir sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum átt við verkfæri og áhöld til notkunar við björgunarstörf.

2. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Staða 1.1.2023	3.854.090
Rekstrarniðurstaða ársins	735.302
Staða 31.12.2023	4.589.392

3. Framlög aðildarsveitarfélaga

	2023	Áætlun 2023	2022
Bláskógbabyggð	390.361	390.361	365.817
Flóahreppur	232.741	232.741	220.642
Grímsnes og Grafningshreppur	176.065	176.065	157.327
Hrunamannahreppur	274.326	274.326	262.851
Hveragerðisbær	1.000.719	1.000.719	888.322
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	193.168	193.168	188.665
Sveitarfélagið Árborg	3.633.308	3.633.308	3.342.240
Sveitarfélagið Ölfus	832.032	832.032	757.536
	6.732.720	6.732.720	6.183.400

4. Annar rekstrarkostnaður

Ritföng, pappír og prentun	0	100.000	0
Sími og fíarskiptapjónusta	6.355	0	0
Auglýsingar	0	16.000	0
Frímerki og burðargjöld	0	80.000	0
Brunavarnir Ánessýslu, þjónusta og aðstaða	950.000	950.000	950.000
Endurskoðun og ársuppgjör	491.675	320.000	434.975
Velferðarverkefni	0	710.000	1.100.000
Annar kostnaður	18.140	139.720	8.628
	1.466.170	2.315.720	2.493.603

5. Framlag vegna verkefnastjóra

Á árinu 2023 var gjaldfært framlag til Lögreglustjórans á Suðurlandi vegna samkomulags um sameiginlegan starfsmann sveitarfélaga og lögreglu í almannavarmálum. Verkefnastjórin er tengiliður sveitarfélaga og lögreglu um þau málefni er varða almannavarnir í héraði og skal hann tryggja samræmi í vinnu sveitarfélaga innan umdæmis lögreglustjórans við áætlanagerð og áhættugreiningu. Komi til almannavarnarástands í umdæminu skal verkefnastjóri vera viðkomandi sveitarfélagi/sveitarfélögum til aðstoðar við skipulag, úrvinnslu og uppbyggingu innviða þess/þeirra eftir áfallið eins og kostur er. Kostnaði er skipt þannig að hvert sveitarfélag greiðir 220 kr. á hvern íbúa á ári og skal miða við íbúatölu samkvæmt skýrslu Hagstofunnar þann 1. janúar ár hvert.

6. Aðrar skammtímakröfur

Endurkræfur vsk	118.002	104.394
	118.002	104.394

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Valdimar Hafsteinsson
Kt. 090265869
Dags. 7.2.2024 10:32:05
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 7.2.2024 16:51:21
Ástæða: Undirritun



RAFRÆNT UNDIRRITAD
Magðalena Karlotta Jónsdóttir
Kt. 0108653449
Dags. 7.2.2024 10:53:56
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sigursveinn Már Sigurðsson
Kt. 1502803039
Dags. 7.2.2024 11:13:43
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Halldóra Sigrður Sveinsdóttir
Kt. 1404602819
Dags. 7.2.2024 14:27:24
Ástæða: Undirritun

159. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjöldheimum 05.02.2024 kl. 16.30

Mættir: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Hulda Kristjánsdóttir ritari, Halldóra S. Sveinsdóttir, Valdimar Hafsteinsson (í fjarfundi), Magðalena Jónsdóttir (í fjarfundi), Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Námsframboð á vorönn 2024

Framkvæmdastjóri fór yfir námsframboð á vorönn 2024 og hvernig Fræðslunetið nýtir fjármagnið. Framlag FA 2024 er 45 milljónir og verið er að nýta tæplega 70% af því framlagi á vorönninni. Ljóst að upphæðin á árinu sem fer í námsbrautir fara fram úr á árinu.

Mikil eftirspurn er eftir íslensku á vorönn og eru þau kennd öll í staðnámskeiðum. Alls eru 163 nemendur skráðir í íslenskunámskeið.

Fjölbreytt virkniúrræði eru í boði á vorönn ásamt ýmsum námskeiðum fyrir fullorðið fatlað fólk. Raunfærnimat fer fram á vorönn og náms- og starfsráðgjafar sinna viðtölum og ráðgjöf. Ákveðin verkefni eru í gangi í fyrirtækjajónustu. Verið er að skoða önnur námskeið svo sem snjalltækjanámskeið fyrir eldri borgara.

2. Staða í húsnæðismálum á Selfossi

Fræðslunetið er með samning fram að áramótum í núverandi húsnæði. Húsnæðismál Fræðslunetsins eru því í algerri óvissu, sérstaklega í ljósi þess að uppi eru hugmyndir hjá Sveitarfélagini Árborg um mögulega sölu á húsnæðinu. Fyrir liggja drög að bréfi frá framkvæmdastjórum Fræðslunetsins og Háskólaþélags Suðurlands og forstöðumanni Birtu starfsendurhæfingar.

Stjórn Fræðslunetsins tekur undir þau atriði sem fram koma í fyrirliggjandi bréfi og felur formanni að senda erindi á bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þar sem kallað er eftir skriflegum viðbrögðum við erindi.

Samþykkt samhljóða.

3. Breytingar á stjórn Fræðslunetsins

Sigursveinn formaður stjórnar tilkynnti að hann hefði ákveðið að stíga til hliðar úr stjórn Fræðslunetsins eftir 8 ára setu í stjórn. Nýr fulltrúi frá Fjölbrautaskóla Suðurlands verður kjörinn á næstu dögum ásamt varamanni. Nýr fulltrúi mun koma inn á næsta fund Fræðslunetsins.

Stéttarfélögini eru einnig að skipta um fulltrúa í stjórn og er Halldóra S. Sveinsdóttir komin inn í stað Gils Einarssonar sem aðalmaður. Varamaður stéttarfélaganna verður Kolbrún Júlía Erlendsdóttir.

Framkvæmdastjóri mun sjá um að skila viðeigandi gögnum til Fyrirtækjaskrár vegna breytinga á stjórn. Varafomaður; Hulda Kristjánsdóttir sinnir formennsku fram að næsta stjórnarfundi.

Stjórn Fræðslunetsins þakkar Sigursveini fyrir gott samstarf og hans störf fyrir Fræðslunetið síðastliðin 8 ár.

Samþykkt samhljóða.

4. Sameiningarmál

Háskólagéldið hefur óskað eftir viðbrögðum stjórnar við erindi sem sent var þar sem óskað var eftir fundi með stjórnnum Háskólagéldags Suðurlands og Fræðslunetsins varðandi viðræður um mögulega sameiningu félaganna tveggja.

Stjórn samþykkir að funda með stjórn Háskólagéldagsins og er formanni falið, í samstarfi við formann stjórnar Háskólagéldagsins, að finna fundartíma.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu fréttir úr starfsemi Fræðslunetsins.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18:10

Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð



606. fundur stjórnar SASS

fjarfundur

2. febrúar 2024, kl. 12:30 – 13:45

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson og Einar Freyr Elínarson. Brynhildur Jónsdóttir, Njáll Ragnarsson og Grétar Ingi Erlendsson boðuðu forföll og í þeirra stað komu Bragi Bjarnason og Eyþór Harðarson. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum með fjarfundarhugbúnaði.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerðir

Fundargerð 605. fundar staðfest og hún verður undirrituð síðar.

2. Aukaaðalfundur SASS 2024

Formaður kynnir undirbúning fyrir aukaaðalfund SASS 2024 sem verður haldinn í Vestmannaeyjum föstudaginn 7. júní nk.

Á aukaaðalfundinum verður kosið í stjórn, lagðar fram tillögur að breyttum samþykktum og önnur atriði sem tengjast rekstri samtakanna.

3. Sóknaráætlun Suðurlands

a) Skipan í fagráð menningar

Stjórn ræðir skipan fagráðs menningar sem meta umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Stjórn samþykkir að skipan aðalmanna verði óbreytt 2024 frá fyrra ári en í ráðinu sitja:

- Inga Lára Baldvinsdóttir, safnvörður myndasafns Þjóðminjasafns Íslands
- Marteinn Steinar Þórsson, kvikmyndagerðarmaður
- Inga Jónsdóttir, listfræðingur

Stjórn samþykkir jafnframt að skipa Andra Guðmundsson sem varamann.

b) Uppbyggingarsjóður Suðurlands – opnað fyrir umsóknir

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands, fyrri úthlutun ársins. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk. kl 16:00 og eru aðilar hvattir til að sækja um. Til úthlutunar eru samtals 42 m.kr. sem skiptast jafnt á milli verkefna á sviði menningar og atvinnu- og nýsköpunar. Kynningarfjarfundur fyrir umsækjendur verður haldinn 13. febrúar kl. 12:15. Umsækjendum stendur til boða að sækja ráðgjöf til byggðaþróunarfulltrúana á hverju atvinnusóknarsvæði.

Umsóknarfrestur í seinni úthlutun ársins verður í október nk.



Nánari upplýsingar um Sóknaráætlun Suðurland og Uppbyggingarsjóð Suðurlands er að finna á heimasíðu SASS, sass.is.

c) Starfsáætlanir byggðaþróunarfulltrúa

Fyrir fundinum liggur til kynningar starfsáætlun byggðaþróunarfulltrúa árið 2024.

4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutusamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 17. fundar stjórnar SSA, fundargerð 146. fundar stjórnar Austurbrúar, fundargerð 797. fundar stjórnar SSS, fundargerð 57. fundar stjórnar Vestfjarðastofu, fundargerð 102. fundar stjórnar SSNV, fundargerð 59. fundar stjórnar SSNE, fundargerðir 571. – 572. funda stjórnar SSH, fundargerð 941. fundar stjórnar sambandsins og fundargerð 93. fundar stýrihóps Stjónarráðsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi s.s.: gerð ársreikninga, áframhaldandi þátttaka í sprettstarfshópi sem skipaður var af mennta- og barnamálaráðherra, fundur með stýrihóps Stjónarráðsins og skipulagning og úrvinnsla verkefna.

c. Greining á skipulagi Áfangastaðastofu Suðurlands

Á fundi stjórnar í lok október sl. var samþykkti að fram lengja samningi, Markaðsstofu Suðurlands (MSS) og SASS um rekstur Áfangastaðastofu á Suðurlandi, út árið 2024.

Á tímabilinu janúar - mars myndi stjórn SASS láta vinna greiningu á því hvernig fyrirkomulagi eða skipulagi á rekstri Áfangastaðastofu verði best fyrir komið á Suðurlandi.

Verði niðurstaða greiningarinnar á þann hátt að hún krefjist breytinga á starfsemi og/eða samþykktum MSS þá verði þær kynntar haghöfum og lagðar fyrir aðalfund MSS að vori 2024. Komi til breytinga þá mun gefast tími til undirbúnings og aðlögunar að beggja hálfu, SASS og MSS áður en fram lengdur samningur rennur út.

Stjórn er samþykkt því að fela Haraldi Hjaltasyni, ráðgjafa hjá ráðgjafafyrirtækinu Artemis, að vinna greininguna.

d. Fjarfundur með stýrihóps Stjónarráðsins

Haldinn var fjarfundur 15. janúar sl. með fulltrúum stýrihóps Stjónarráðsins með formanni og varaformanni stjórnar SASS, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra Þróunarsviðs en á fundinum var farið yfir Sóknaráætlun Suðurlands árið 2023. Farið var yfir skipulagið og verklagið á Suðurlandi, starf byggðaþróunarfulltrúa auk þess sem áhersluverkefni voru kynnt og sagt frá verkefnum sem hlotið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

e. Þátttaka og þóknun fyrir aðra fundi

Framkvæmdastjóri kynnir málið en fyrir liggur ákvörðun nýliðins ársþings um þóknun stjórna og hvað skuli greitt fyrir aðra fundi. Samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri fyrir árið 2023 má áætla að heildarkostnaður vegna stjórna samtakanna verði um 14 m.kr.



en áætlun gerði ráð fyrir um 12 m.kr. þannig að kostnaðurinn er tæplega 17% umfram áætlun. Margt bendir til að kostnaður á árinu 2024 verði líka umfram áætlun.

Skýringin á þessu er að upp hafa komið tilvik þar sem umfang, tíðni funda og/eða úttagður kostnaður er meiri eða minni en bókun ársþings um þóknun nær yfir. Stjórn telur mikilvægt að skýra málið betur og felur Fjárhagsnefnd samtakanna að yfirfara málið og koma með tillögu og nánari skýringu á verklagi fyrir ársþing samtakanna.

f. Heimavist við FSu

Stjórn ræðir þá alvarlegu stöðu sem komin er upp varðandi heimavist fyrir nemendur í FSu og samþykkir eftirfarandi bókun varðandi málið:

„Stjórn SASS skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna heimavistar við Fjölbraudaskóla Suðurlands verði eytt hið allra fyrsta. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum þá rennur samningur um núverandi húsnæði heimavistarinnar út á vordögum 2024 og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja nemendum sem þess þurfa húsnæðisúrræði fyrir næsta skólaár.

Það markaði tímamót þegar samningar náðust um rekstur heimavistarinnar á haustdögum 2020 eftir nokkurra ára tímabil þar sem engin húsnæðisúrræði voru til staðar. Nýtingin á heimavistinni hefur verið mjög góð og það sætir því furðu að ríkið skuli ekki ganga frá samningum um áframhaldandi rekstur hennar þegar fyrir liggur að tilboð barst frá núverandi rekstraraðila.

Heimavist við skólann er lykilatriði í því að tryggja jafnrétti til náms á starfssvæði skólans og því með öllu óviðunandi að ríkið skuli bjóða ungmennum og fjölskyldum þeirra upp á þá óvissu sem nú er uppi.“

Framkvæmdastjóra og stýrihópi er falið að fylgja erindinu eftir og óska eftir fundi með ráðherra.

g. Ráðstefna um hegðun og líðan barna – fræði í framkvæmd

ART teymið á Suðurlandi stendur fyrir ráðstefnu sem kallast *Hegðun og líðan barna – fræði í framkvæmd* á Hótel Selfossi 11. apríl nk. Fjallað verður um hegðun og líðan barna á Íslandi út frá þverfaglegu sjónarhorni og erindi verða flutt af fagaðilum sem vinna að velferð barna. Ráðstefnan er hugsuð fyrir alla sem vinna með börnum og/eða hafa áhuga á málefnum þeirra. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu ART teymis www.isart.is og á facebook síðu viðburðarins [hér](#).

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 1. mars nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 13:45

Ásgerður K. Gylfadóttir

Einar Freyr Elínarson

Magrét Harpa Guðsteinsdóttir



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Arnar Freyr Ólafsson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Eyþór Harðarson

Fundargerð 942. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 26. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmsdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Sigrún Sverrisdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósá Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Guðmundur Ari Sigurjónsson, boðaði forföll, varamaður hans Sigrún Sverrisdóttir, mætti í hans stað. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Pór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 941. fundar - 2309033SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 941. fundar stjórnar sambandsins frá 12. janúar 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2312017SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024, ásamt greinargerð. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024.

3. Fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins 2024 - 2312018SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024.

4. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2023 - 2401007SA

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

5. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2401006SA

Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

6. Starfsáætlun stjórnar 2024 - 2312016SA

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Formaður fór yfir helstu þætti áætlunarinnar.

Formanni falið að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum. Ákveðið að taka starfsáætlun stjórnar aftur til afgreiðslu á næsta stjórnarfundi.

7. Staða kjaramála - 2301032SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í janúar 2024.

8. Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal fundargerð 39. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 17. janúar 2024.

Valur Rafn Halldórsson vék af fundi kl. 14:10, Valgerður Rún Benediktsdóttir tók við ritun fundargerðar.

Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 14:15.

9. Dagskrá landsþings sambandsins 2024 - 2304024SA

Rætt um dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 og hugsanleg áhersluatriði í umfjöllun landsþingsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að halda áfram undirbúningi á grundvelli umræðu á fundinum.

10. Umsögn um frumvarp til laga um vindorku - 2401011SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 9. janúar 2024, um frumvarp til laga um vindorku, mál nr. S-1/2024. Flosi Hrafn Sigurðsson sérfræðingur á stjórnslusviði kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir drögin.

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir framlögð drög að umsögn með þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum. Stjórn sambandsins telur framlagningu frumvarpsins og þingsályktunartillögu mikilvægt skref í átt að skýrara og einfaldara lagaumhverfi vegna uppbyggingar vindorkuvera. Nauðsynlegt sé að vinna leiðbeiningar vegna stjórnslusviðs sveitarfélaga í tengslum við þær breytingar sem verða á hlutverki þeirra sem tengist leyfisveitingum vegna vindorkuvera, verði frumvarpið að lögum. Þá telur stjórn sambandsins nauðsynlegt að arður af rekstri vindorkuvera berist til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir áhrifum af vindorkuverum í samræmi við stefnumörkun sambandsins 2022-2026.

11. Frumvarp til laga um lokað búsetuúrræði - 2401028SA

Lagt fram minnisblað stjórnsýslusviðs sambandsins, dags. 22. janúar 2024, um frumvarp til laga um lokað búsetuúrræði.

Stjórn sambandsins telur mikilvægt að brugðist sé við þeirri stöðu sem upp er komin vegna útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eigi ekki rétt á þjónustu á grundvelli útlendingalaga. Skiptar skoðanir eru meðal sveitarfélaga á efni frumvarpsins en stjórn ítrekar þá afstöðu sem áður hefur komið fram að sveitarfélögum sé ekki skylt að veita þeim erlendu ríkisborgurum fjárhagsaðstoð sem vísað hefur verið úr þjónustu ríkisins í kjölfar synjunar á umsókn um alþjóðlega vernd. Þá leggur sambandið áherslu á að ef frumvarpið verður að lögum og lokuðu búsetuúrræði komið á fót verði haft samráð við sveitarfélögum um staðsetningu slíks úrræðis.

12. Málefni Grindavíkur - 2401030SA

Rætt um málefni Grindavíkur. Jafnframt lögð fram drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (fasteignaskattur í Grindavíkurbæ).

13. Tilnefning í undirbúningsnefnd vegna afmælis sambandsins 2025 - 2401027SA

Rætt um hugmyndir að fulltrúum í undirbúningsnefnd vegna 80 ára afmælis Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025.

14. Landssamband ungmannafélaga - samstarfsbeiðni - 2401032SA

Lagt fram bréf Landssambands ungmannafélaga, dags. 24. janúar 2024, þar sem óskað er eftir formlegu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn þakkar fyrir erindi og felur formanni og starfsfólk að funda með LUF til að ræða fyrirkomulag verkefnisins. Málínust frestað til næsta fundar.

15. Skýrsla um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA

Lögð fram skýrslan Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk - Áfangaskýrsla I, dags. í janúar 2024.

16. Endurtilnefning í reikningsskila- og upplýsinganefnd - 2104019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 11. janúar 2024, þar sem Guðrún Torfhildur Gísladóttir, aðalbókari á fjármálasviði Seltjarnarnesbæjar, er tilnefnd í reikningsskila- og upplýsinganefnd.

17. Tilnefning í stýrihóp um málefni sýslumanna - 2312022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 11. janúar 2024, þar sem Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar Reykjavíkurborgar, og Páll Magnússon, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, eru tilnefnd í stýrihóp um málefni sýslumanna.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**18. Umsögn um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg -
2401016SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 17. janúar 2024, um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg, mál nr. S-245/2023.

Fundi var slitið kl. 15:30

Fundargerð 943. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 9. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir, Helga Marfa Pálsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Lögð fram skýrla Ríkisendurskoðunar um Úrvinnslusjóð - Stjórnsýsluúttekt, dags. í ágúst 2022. Einnig lögð fram skýrla starfshóps um stöð framlengdrar framleiðendaábyrgðar á Íslandi um hlutverk framleiðend í hringrásarhagkerfi, dags. í nóvember 2022. Líf Magneudóttir og Jón Viggó Gunnarsson fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs sátu fundinn undir þessum lið.

Líf Magneudóttir vék af fundi kl. 08:30.

2. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 93. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 22. janúar 2024. Jón Viggó Gunnarsson sat fundinn undir þessum lið.

Jón Viggó Gunnarsson vék af fundi kl. 08:40.

3. **Fundargerð 942. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 642. fundar stjórnar sambandsins frá 26. janúar 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

4. **Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjál fundargerð 40. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 4. febrúar 2023.

5. **Staða kjaramála - 2301032SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerir grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2024.

6. **Brúum bilið leikskóli að loknu fæðingarorlofi - 2401022SA**
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sérfraeðinga á þróunarsviði, dags. 19. janúar um verkefnið Brúa bilið.
7. **Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 2304024SA**
Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024. Drög verða sett inn fimmtudaginn 8. febrúar. Jafnframt lagt fram erindi til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsþings, dags 8. febrúar 2024, um tillögu að breytingum á samþykktum.
Stjórnin samþykkti fyrirliggjandi drög og felur framkvæmdastjóra að boða landsþingsfulltrúa formlega til þingsins 14. mars nk.
8. **Málefni Grindavíkurbæjar - 2311012SA**
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað stjórnsýslusviðs sambandsins, dags. 8. febrúar 2024, um Grindavík.
9. **Umsögn um þingsályktun um vindorku og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun - 2401011SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 26. janúar 2024, um þingsályktun um vindorku, mál nr. S-1/2024 og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.
10. **Umsögn um áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - 2401031SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins, dags. 26. janúar 2024, um áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, mál nr. S-6/2024.
11. **Umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga - 2401030SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 29. janúar 2024, um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignaskattur í Grindavíkurbæ), 617. mál.

Fundi var slitið kl. 10:00

Fundargerð 944. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 23. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmsdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Sigrún Sverrisdóttir, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað. Guðmundur Ari Sigurjónsson boðaði forföll, varamaður hans Sigrún Sverrisdóttir mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 943. fundar - 2309033SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 943. fundar stjórnar sambandsins frá 9. febrúar 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2023 - 2401007SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, sbr. 4. tölulið fundargerðar 942. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2024, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 með stafrænni undirritun sinni.

3. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2401006SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, sbr. 5. tölulið fundargerðar 942. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2024, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 með stafrænni undirritun sinni.

4. Staða kjaramála - 2301032SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga og formaður gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2024 og tillögur ríkisins varðandi aðkomu sveitarfélaga.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að koma áherslum stjórnar vegna mögulegra aðgerða sveitarfélaga til að stuðla að því að langtíma kjarasamningur náist, á framfæri við ríkisstjórnina.

5. Áhersluverkefni í úrgangsmálum 2024 - 2210013SA

Lagt fram minnisblað stjórnsýslusviðs sambandsins, dags. 13. febrúar 2024, um áhersluverkefni í úrgangsmálum 2024.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að forgangsröðun verkefna í úrgangsmálum sem lögð er fram í minnisblaði verkefnastjórnar fyrir árið 2024. Verkefnin falla að stefnumörkun sambandsins 2022-2026 í úrgangsmálum og eru til þess fallin að efla úrgangsstjórnun sveitarfélaga.

6. Fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni - 2402027SA

Rætt um hugmynd að stofnun fagteymis skv. aðgerðaráætlun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038. Hlutverk fagteymisins verður að taka við beiðnum um aðstoð frá kjörnum fulltrúum vegna eineltis, ofbeldis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni, meta þær og koma í viðeigandi farveg og eftir atvikum fylgja eftir tilkynningum til teymisins og tryggja að þær fái viðhlíftandi málsméðferð. Teyminu verður jafnframt ætlað að miðla upplýsingum og vinna að forvörnum á ofangreindu sviði. Er hugmyndin í samræmi við stefnumörkun sambandsins en þar segir að sambandið eigi að styðja við að umbótatillögur um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa komist til framkvæmda í samræmi við þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Eftirfarandi bókun samþykkt með 9 atkvæðum. Rósa Guðbjartsdóttir og Einar Brandsson sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Stjórn sambandsins fagnar þessari tillögu í aðgerðaráætlun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og samþykkir að taka þátt í þessari vinnu og felur framkvæmdastjóra að fylgja málínu eftir.

7. Fæðuklasinn - 2402029SA

Lögð fram drög að samningi milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og íslenska fæðuklasans ehf en markmið hans er m.a. að draga út vistspori fæðuframleiðslu með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi, stuðla að byggðafestu, efla móturn frumkvöðla- og nýsköpunar þekkingar á meðal ungmenna.

8. Notkun sveitarfélaga á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi - úttekt

Persónuverndar - 2203008SA

Lagt fram bréf Persónuverndar, dags. 11. janúar 2024, um ákvörðun um notkun Google Workspace for Education í grunnskólastarfi.

9. Málefni Grindavíkurbæjar - 2311012SA

Lagt fram sem trúnaðarskjál drög að samkomulagi milli innviðaráðherra og bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar um stuðning við stjórnsýslu og fjárhag sveitarfélagsins á grundvelli VIII kafla laga nr. 138/2011. Að auki lagt fram álit Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga vegna samkomulagsdraganna, dags. 22. febrúar 2024. Einnig lagt fram í trúnaði bréf Fannars Jónassonar bæjarstjóra Grindavíkurbæjar, dags. 22. febrúar 2024, um samkomulagið.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að koma sjónarmiði stjórnar á framfærni m.v. umræður á fundinum.

10. Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun - 2402022SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 12. febrúar 2024, um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun, 585. mál.

11. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/010 - tímabundnar uppbryggingarheimildir - 2402014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 14. febrúar 2024, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (tímacundnar uppbryggingarheimildir, 628. mál).

12. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald - hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl. - 2402025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2024, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.), mál nr. S-28/2024.

Fundi var slitið kl. 15:40.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>
Sent: miðvikudagur, 14. febrúar 2024 10:09
To: Rósa Sif Jónsdóttir; Sandra Dís Hafþórsdóttir; Höskuldur Þorbjarnarson; aldis@fludir.is; Anton Kári Halldórsson; Ásta Stefánsdóttir; Elliði Vignisson; fjlask@arborg.is; Geir Sveinsson; Grímsnes- og Grafningshreppur (gogg@gogg.is); Haraldur Þór Jónsson (haraldur@skeidgnup.is); Hulda Kristjánsdóttir; iris@vestmannaejar.is; Mýrdalshreppur (sveitarstjori@vik.is); Sveitarstjóri - Rangárþing ytra (sveitarstjori@ry.is); Sveitarstjóri Skaftárhrepps; Valtýr Valtýsson (valtyr@asahreppur.is)
Cc: Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; Bjarni Guðmundsson
Subject: 2402050HS - fundargerð 233. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands
Attachments: 233_fundur_fundargerd.pdf
One: -1

Góðan dag

Í viðhengi er fundargerð 233. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands til kynningar hjá aðildarsveitarfélögnum.

Minnt er á frest á skilum á umsóknum vegna fráveitu sem rennur út á morgun – sbr. bréf í nóvember sl. - til þeirra sem við á.

Annað:

Í tilefni af því að í undirbúningi er fjöldi baðstaða með skilgreininguna afþreyningarlaugar sbr. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni gerði heilbrigðisnefndin eftifarandi bókun þar sem reglugerðin er mjög óskýr og skortir leiðbeiningar um hvernig nefndinni er ætlað að flokka slíka baðstaði:

Sjá bókunina sem var tekin fyrir á ofangreindum 233. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands undir lið 3. f) :

f) Flokkun baðstaðar í náttúrunni – Árböð, Laugarási, Bláskógbabyggð

Erindi frá Árböðum, Laugarási þar sem óskað er eftir flokkun á lauginni sem afþreyningarlaug sbr. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Skilgreining á slíkum laugum er orðuð þannig í reglugerðinni:

Afþreyningarlaug: Laug sem er frá grunni hlaðin og/eða steypt úr föstu efni, þ.e. botn og hliðar, og kalt vatn, affallsvatn frá hitaveitu eða jarðhitavatn er leitt í laugina úr nálægum hver eða afrennslí frá virkjun þó að undangenginni kælingu. Heilnæmi vatnsins er stjórnað með tíðri endurnýjun vatnsins og aðgangsstýringu, svo sem takmörkun á fjölda gesta í laug.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur óskað eftir túlkun á atriðum í skilgreiningu um afþreyningarlaugar til Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins og Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðilar lauga sækjast eftir að verða afþreyningarlaugar til að mega selja áfengar veitingar ofan í laugarnar.

Að mati heilbrigðisfulltrúa þarfnað reglugerð um baðstaði í náttúrunni endurskoðunar m.a. út frá heilnæmi baðvatns, sjálfbærni og stuðla að betri nýtingu vatns. Í þeim tilgangi verði til dæmis heimilt að nýta hreinsikerfi í afþreyningarlaugum og að skilgreiningin verið skýrð betur í reglugerðinni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur sent áskorun til Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins um að gera nauðsynlegar breytingar á reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni hvað varðar afþreyningarlaugar.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands tekur undir ofangreint og leggur áherslu á að hraða þurfi afgreiðslu erindisins.

Kveðja,
F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri
Austurvegi 65, 800 Selfoss - Sími: 480-8250 - www.hsl.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.

Vinsamlegast athugið að bessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eíngöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stflaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sá sem fyrir tilvijjun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fylsta trúnaðar í sílkum tilfellum, sbr. 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022.

